



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 12. september 2014 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Inga Rós Sævarsdóttir, Steindór R. Haraldsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Kosning í fræðslunefnd:

Fyrir fundinum lá tölvubréf Eyglóar Amalíu Valdimarsdóttur sem segir sig frá starfi í fræðslunefnd vegna brottflutnings frá staðnum.

Vigdís Ósk Ómarsdóttir var kosin í fræðslunefnd í stað Eyglóar.

### 2. Námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn

Fyrir fundinum lá kynningarefni um námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn eftir sveitarstjórnarkosningar 2014. Námskeiðið er sett upp á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að námskeiðin verði haldin á haustmánuðum skv. nánari tilkynningum. Samþykkt að þeir sveitarstjórnarmenn sem óska eftir að sækja námskeiðið geti gert það á kostnað sveitarfélagsins.

### 3. Samningur v/atvinnuráðgjafa

Fyrir fundinum lá samningur milli Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og Sveitarfélagsins Skagastrandar þar sem samið er um að sveitarfélagið leggi til skrifstofuaðstöðu fyrir atvinnuráðgjafa sem hafi starfsstöð á Skagaströnd. Sveitarstjórn staðfesti samninginn. Afgreiðslu viðauka við fjárhagsáætlun vísað til næsta fundar.

### 4. Samningur um skólamáltíðir

Fyrir fundinum lágu drög að samningi um skólamáltíðir þar sem Borgin mín ehf tekur að sér framleiðslu og þjónustu skólamáltíða fyrir Höfðaskóla á Skagaströnd skólaárin 2014-2016.

Sveitarstjórn yfirfór samningsdrögin en samþykkti þau fyrir sitt leyti og fól sveitarstjóra að ganga frá samningnum.

### 5. Hitaveita

Fyrir fundinum lá minnisblað sveitarstjóra um hitaveitumál. Í því kemur fram að um 63% húsnæðis á Skagaströnd var tengt hitaveitu í byrjun september og reiknað með að



um 82% verði tengdir næsta vor. Einnig kemur fram að niðurgreiðslur á raforku til húshitunar féllu niður frá og með 1. september sl.

Þá er fjallað um kostnaðarþátttöku sveitarfélagsins vegna hitaveituvæðingar sem hlutdeild í ofnakaupum og hönnunarkostnaði sem giltu til 1. september sl. Í ljósi þess að hitaveitutengingar hafa gengið hægar en upphaflega var áætlað af ýmsum ástæðum samþykkti sveitarstjórn að framlengja gildistíma reglna um kostnaðarþátttöku til 1. maí 2015 en samþykkti jafnframt að ekki verði um frekari framlengingar að ræða.

## 6. Heimsókn frá Växjö

Fyrir fundinum lágu drög að dagskrá vegna heimsóknar tónlistarhóps úr tónlistarskóla í vinabæ Skagastrandar, Växjö í Svíþjóð. Hópurinn sem samanstendur af 8 ungmennum og 5 kennurum og leiðsögumönnum kemur til Skagastrandar 18. september og heldur tónleika í kirkjunni. Málið var til kynningar.

## 7. Bjarmanes

Sveitarstjóri upplýsti að Áslaug Ottósdóttir tekið þá ákvörðun að framlengja ekki leigu á húsnæðinu Bjarmanesi.

Hann greindi frá því að nú stæði fyrir dyrum að leggja hitaveitu í húsið og sinna ýmsum viðhaldsverkefnum og því væri æskilegt að það yrði ekki til reglubundinnar leigu fyrr en þeim aðgerðum verði lokið. Ákveðið að taka málið upp þegar endurbætur hafa farið fram á húsinu.

## 8. Bréf:

### a. Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytis, dags. 2. sept. 2014

Með bréfinu er gefur ráðuneytið bæjar- og sveitarstjórnnum kost á að sækja um byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2014/2015 á grundvelli 10. gr. laga nr. 116/2006. Umsóknarfrestur er veittur til 30. september 2014. Meðfylgjandi bréfinu voru drög að bréfi sem sveitarstjóri hafði ritað sem umsókn um byggðakvótann. Sveitarstjórn ræddi málið og fól sveitarstjóra að senda umsókn á forsendum umræðunnar og þeirra gagna sem lágu fyrir fundinum.

### b. Formanns USAH, dags í ágúst 2014

Með bréfinu er upplýst að næsta landsmót 50+ verði haldið á Blönduósi og óskað eftir að skipaður verði einn sveitarstjórnarmaður í undirbúningshóp sem vinni að því að undirbúa Landsmóti 50+ árið 2015.

Samþykkt að skipa Steindór sem fulltrúa í undirbúningshópnum.



- c. Sóknar, lögmannsstofu, dags. 2. sept. 2014

Með bréfinu óskar lögmannsstofan eftir að fá að gera sveitarfélaginu tilboð í innheimtuþjónustu og almenna ráðgjöf. Samþykkt að fela sveitarstjóra að afla frekari upplýsinga um málið.

## 9. Fundargerðir:

- a. Atvinnu- og ferðamálanefndar, 11.09.2014

Sveitarstjórn samþykkti tillögu sem fram kemur í 3. lið fundargerðar um að lagðar verði 3 milljónir í atvinnuþróunarsjóð á þessu ári og auglýst verið eftir umsóknum í október. Afgreiðslu viðauka við fjárhagsáætlun vísað til næsta fundar. Fundargerðin var að öðru leyti til kynningar

- b. Fræðslunefndar, 20.08.2014

Fundargerðin var til kynningar

- c. Stjórnar Norðurár bs. 18.06.2014

Fundargerðin var til kynningar

- d. Stjórnar Norðurár bs. 2.07.2014

Fundargerðin var til kynningar

## 10. Önnur mál

- a) Steindór og Inga Rós lögðu fram svohljóðandi tillögu: Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að sjá um að framkvæmdar verði úrbætur á athafnasvæði Skagastrandarhafnar og skal þeim lokið a) fyrir 15. október og b) fyrir 1. nóvember nk. – Úrbætur og framkvæmdir skulu taka mið af þeim þáttum sem fram koma í meðfylgjandi greinargerð.  
Samþykkt að vísa tillögunni til umfjöllunar hafnar- og skipulagsnefndar.
- b) Steindór og Inga Rós lögðu fram svohljóðandi tillögu: Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að boða til opins borgarafundar um umgengnis- og umhverfismál í sveitarfélaginu. Fundurinn verði haldinn í nóvember.  
Tillagan var samþykkt.
- c) Oddviti lagði fram tillögu um að sala félagslegra íbúða verði endurvakinn. Sveitarstjóra falið að taka málið upp við fasteignasala.
- d) Umræður urðu um framtíðarhorfur í atvinnumálum, sérstaklega horfur í stöðugildum á Greiðslustofu Vinnumálastofnunar. Oddvita og sveitarstjóra falið að ræða við ráðherra og forstjóra Vinnumálastofnunar um stöðu og horfur.



- e) Halldór lagði fram svohljóðandi tillögu:  
Undirritaður leggur til að sveitarstjóra verði falið að móta tillögur að því hvernig haldið verði upp á 75 ára afmæli Skagastrandar þann 1. desember 2014
- f) Sveitarstjórn ræddi opnunartíma sundlaugar. Samþykkt að framlengja opnunartíma síðdegis kl. 17-20 fram til næstu mánaðarmóta og skoða þá hvort opnunartími verður framlengdur frekar.
- g) Bréf foreldra dreifnámsnemenda sem var til umfjöllunar á síðasta fundi. Sveitarstjóri lagði fram tillögu að reglum um stuðning vegna dreifnáms veturinn 2014-2015. Mikil umræða varð um stuðning við dreifnámið, lausnir og leiðir til stuðnings við akstur nemenda sem stunda dreifnámið á Blönduósi. Tillaga að reglum var samþykkt og jafnframt samþykkt að beina því til stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún að gerð verði úttekt á skólaakstri í héraðinu með það að markmiði að leggja mat á möguleika til leysa akstur nemenda í dreifnám með öðrum skólaakstri.
- h) Til umfjöllunar var tekið að Skagaströnd hafi verið dregið út til þátttöku í sjónvarpsþættinum Útsvari. Sveitarstjórn lýsti ánægju sinni með að fulltrúar sveitarfélagsins taki þátt í góðum skemmtiþætti og fól sveitarstjóra að gera tillögu að þátttakendum.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 10.50

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson